




Reykjavík, 26. apríl 2024

Hátún 10– Fyrirspurn um djúpgáma – USK240030331

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. apríl 2024 var lögð fram fyrirspurn Sævars Sigurðssonar, dags. 9. apríl 2024, ásamt bréfi, ódags., um að setja niður djúpgáma á lóðinni nr. 10 við Hátún, samkvæmt uppdr. Arkitekta, dags. 14. mars 2024. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. apríl 2024.



Loftmynd úr Borgarvefsjá



Tillaga að djúpgámum

Skipulag í gildi

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040. Samkvæmt Aðalskipulaginu tilheyrir Hátún 10 íbúðarbyggð.

Í gildi er deiliskipulagið Hátún 10-14 samþykkt í borgarráði dags. 7 desember 1993 með síðari breytingum.

Umsögn

Staðsetningin hentar vel upp á aðgengi íbúa og hirðunnar. Tryggja þarf að fjöldi íbúða stemmi af við fjölda djúpgámanna. Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að setja djúpgáma samanber fyrirspurn, breyta þarf deiliskipulagi.

Niðurstaða

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að fyrirspyrjandi láti vinna breytingu á deiliskipulagi á eigin kostnað.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri